

FUNDARBOÐ

**1973. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 25.
mars 2026 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breyting á fulltrúa Samfylkingar í fræðsluráði:

Aðalmaður í stað Gauta Skúlasonar verður Elín Anna Baldursdóttir, Blikaási 11, 221 Hafnarfjörður.

2. 2507285 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting á greinargerð vegna Flensborgarhafnar

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 23.mars sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 17. desember 2025 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting felur í sér breytingu á greinargerðar vegna Flensborgarhafnar, þar sem heimilað verður að byggja 3 hæðir og ris á svæðinu, að fallið sé frá því að á öllum jarðhæðum svæðisins skuli vera verslun og þjónusta og að leitast skuli eftir fremsta megni að tryggja sjónræn tengsl milli hafnar og nærliggjandi byggðar með sjónlínunum milli húsa.

Tillagan var í kynningu frá 2. febrúar til 16. mars 2026. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Meirihluti skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsfulltrúa og samþykkir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Flensborgarhafnar og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að afgreiðslu fyrirbyggjandi breytingu á greinargerð aðalskipulags vegna Flensborgarhafnar verði frestað þar til raunhæfar lausnir varðandi samgöngur og umferðarmál á svæðinu hafa verið tryggðar.

Samkvæmt samgöngugreiningu Eflu fyrir svæðið frá janúar 2026 er umferðarkerfið þegar komið að þolmörkum sínum. Nauðsynlegt er að taka á þeim áskorunum með heildstæðum hætti, með hliðsjón af skipulagi Suðurlhafnar og fyrirhugaðri uppbyggingu við Óseyrarbraut. Um er að ræða allt að þrjú deiliskipulög sem hafa áhrif á sama samgöngukerfi og því óhjákvæmilegt að horfa á að leysa málið í heild og ekki komi til frekari tafa ef þarf að breyta skipulaginu síðar.

3. 2306477 - Hvaleyrarholt suðaustur, Þorlákstún, Lyngbarð, deiliskipulag

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 23. mars sl.
Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Þorlákstúns. Tillagan gerir ráð fyrir íbúðabyggð með 47 íbúðum á 46 lóðum, þar af 45 nýjum íbúðarhúsalóðum og einni lóð fyrir núverandi hús við Lyngbarð 18 sem gert er ráð fyrir að verði tvíbýli. Einnig er lagt fram minnisblað Eflu verkfræðisstofu dags. 17.03.2026 vegna hljóðvistar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðausturs vegna Þorlákstúns og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna því að loksins sér fyrir endann á vinnu við deiliskipulag Þorlákstúns en það hefur staðið yfir í nær fjögur ár. Hér sem fyrr á kjörtímabilinu koma fram áherslur meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði sem er að fjölga sérbýlum og einkum einbýlum, en nær eingöngu hefur verið úthlutað sérbýlishúsalóðum á þessu kjörtímabili. Slíkt húsnæði hentar ekki fyrstu kaupendum, en skortur er á hagkvæmum íbúðum fyrir þann hóp. Fram að þessu hefur núverandi meirihluti einkum verið að breyta áður samþykktu deiliskipulagi með það í huga að fækka íbúðum og þá sér í lagi fjölbýlum. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að svæðið verði nýtt betur og einkum með fyrstu kaupendum í huga og ungar fjölskyldur.

4. 2412631 - Almenningsamgöngur

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram til samþykktar drög að þjónustusamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.
Lögð fram til samþykktar drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.
Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnar Hafsteinsdóttir frá SSH mæta til fundarins

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samning og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

5. 2504185 - Samþykkt um bílastæðasjóð

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram tillaga um að lögð verði fram beiðni til innviðaráðherra um heimild til álagningar og innheimtu gjalda vegna stöðubrota í sveitarfélaginu.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um gjaldskrá Bílastæðasjóðs ásamt því að senda beiðni til innviðaráðherra. Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

6. 2602306 - Brunnás 29, umsókn um lóð

11. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn Sigurgeirs Sigurgeirssonar um lóðina nr. 29 við Brunnás

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2603304 - Vörðulás 17, umsókn um lóð

12.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20. mars sl.
Lögð fram umsókn Jóns Rúnars Ariliussonar um lóðina nr. 17 við Vörðulás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2602619 - Vörðulás 1-3, umsókn um lóð

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn OFG - Verk ehf um lóðina nr. 1-3 við Vörðulás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

9. 2603136 - Vörðulás 5-7, umsókn um lóð

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn OFG - Verk ehf. um lóðina nr. 5-7 við Vörðulás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

10. 2601344 - Brunnás 20, umsókn um lóð

15.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 20 við Brunnás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

11. 2601343 - Brunnás 22, umsókn um lóð

16.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 22 við Brunnás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

12. 2601342 - Brunnás 24, umsókn um lóð

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 24 við Brunnás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

13. 2601341 - Brunnás 26, umsókn um lóð

18.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 26 við Brunnás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

14. 2601340 - Brunnás 28, umsókn um lóð

19.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 28 við Brunnás

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

15. 2601339 - Brunnás 30, umsókn um lóð

20.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20. mars sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 30 við Brunnás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

16. 2601338 - Brunnás 32, umsókn um lóð

21.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 32 við Brunnás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

17. 2603107 - Hryggjarás 3, umsókn um lóð

32.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn Aðalsteins Ingvasonar um lóðina nr. 3 við Hryggjarás.

Fulltrúi sýslumanns dregur úr umsóknum. Dregin var út um umsókn Aðalsteins Ingvarssonar og til vara umsókn Egils Björnssonar og til þrautavara umsókn Ásrúnar Óskar Bragadóttur. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

18. 2512051 - Byrgisás 9-21,umsókn um lóð

59.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn Þórs smíði sf. um lóðina nr. 9-21 við Byrgisás.

Fulltrúi sýslumanns dregur úr umsóknum. Dregin var út um umsókn Þórs smíði sf. og til vara umsókn Viðja ehf. og til þrautavara umsókn Byggbræðra ehf. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

19. 2512546 - Byrgisás 2-12, umsókn um lóð

63. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.
Lögð fram umsókn SG eigna ehf. um lóðina nr. 2-12 við Byrgisás.

Fulltrúi sýslumanns dregur úr umsóknum. Dregin var út um umsókn SG eigna ehf. og til vara umsókn SÁR ehf. og til þrautavara umsókn Viðju ehf. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

20. 2601425 - Frítt í strætó fyrir 12-17 ára ungmenni

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frá 1.júní næstkomandi verði endurgjaldslaust í Strætó fyrir öll hafnfirsk ungmenni til 18 ára aldurs. Kostnaður er á yfirstandandi ári um 28 milljónir króna. Breytingar verði gerðar á gildandi fjárhagsáætlun til að fjármagna þessa réttarbót og það gert með aðhaldi og sparnaði; með sérstakri sjálfstæðri tillögu, þar sem samþykkt verður að lækka kostnað við aðkeypta þjónustu um 30 milljónir.

21. 2206161 - Íbúðir fyrir eldra fólk

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn samþykkir að hefja undirbúning vegna uppbyggingar á lífsgæðaíbúðum fyrir eldri borgara á Sólvangssvæðinu á grundvelli tillagna starfshóps um uppbyggingu á íbúðum fyrir eldri borgara í Hafnarfirði. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að undirbúa nauðsynlegar breytingar á skipulagi svæðisins og fjölskyldusviði samhliða gert að móta fyrirkomulag þjónustu og halda utan um verkefnið að öðru leyti, en hafa samráð við Öldungaráð og Félag eldri borgara í Hafnarfirði um málið. Undirbúningi verði lokið fyrir 1. maí næstkomandi og verði það síðan verkefni bæjarráðs að koma verkefninu af stað, þannig að úthlutun lóðar og síðan framkvæmdir megi hefjast síðar á yfirstandandi ári.

22. 2311460 - Ný heilsugæsla í Hafnarfirði

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Tillaga lögð fram.

23. 2512706 - Sveitarstjórnarkosningar 2026

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að fjölga kjörstöðum í Hafnarfirði vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí nk. úr tveimur í þrjá. Viðistaðaskóli verði kjörstaður til viðbótar við þá tvo sem fyrir eru; Lækjarskóla og Ásvelli íþróttamiðstöð.

Greinargerð:

Gott aðgengi er að kjörstöðum er grundvallaratriði hvað kosningabátttöku varðar. Í undanförunum kosningum hefur kosningabátttak almennt minnkað, ekki síst í sveitarstjórnarkosningum. Þessu þurfa yfirvöld að bregðast við og fjölgun kjörstaða er liður í því. Í Reykjanesbæ, þar sem kjörsókn hefur dregist verulega saman á síðustu árum, á t.d. að fjölga kjörstöðum um tvo þannig að þeir verði þrír í sveitarstjórnarkosningum 16. maí nk. Rúmlega 22 þús. manns búa í Reykjanesbæ en rúmlega 33 þús. manns í Hafnarfirði. Mikilvægt er að bæjarstjórn sé vakandi fyrir því að auðvelda kjósendum lýðræðislega þátttöku og leiti leiða til þess að auka kosningabátttöku meðal kjósenda í Hafnarfirði.

Þess vegna leggur Samfylkingin það til að kjörstöðum í Hafnarfirði verði fjölgað í sveitarstjórnarkosningum 16. maí nk. úr tveimur í þrjá

Fundargerðir

24. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 23.mars sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 18.mars sl.

a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13. febrúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 18.mars sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 10.mars sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 17.mars sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 20.mars sl.

a. Fundargerðir hafnarstjórnar frá 4. og 18.mars sl.

b. Fundargerðir menningar- og ferðamálanefndar frá 4. og 11. mars sl.

c. Fundargerðir stjórnar SSH frá 2. og 16. mars sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 23. mars sl.

23.03.2026

Valdimar Víðisson bæjarstjóri